Fréttablaðið, 23.02.2023, síða 27
grein stærð: 674.48 sm2
grein hæð: 26.19 sm

Kunnuglegir en dularfullir gripir



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Logi Leó Gunnarsson sýnir handboða frá gatnamótum í listrænu samhengi á fyrstu einkasýningu sinni í Listasafni Reykjavíkur.



Listamaðurinn Logi Leó Gunnarsson setur hversdagslega hluti úr borgarlandslaginu í nýtt samhengi á sýningunni Allt til þessa höfum við ekki skilið það dularmál sem berst frá þessum hljóðgjöfum sem stendur nú yfir í D-sal Hafnarhússins í Listasafni Reykjavíkur.

„Þeir hjá borginni kalla þetta handboða, ég er ekki alveg viss með það orð, þetta er einhvers konar nýyrði og ég hef ekki getað fundið það í neinum uppflettingum. Mér finnst líka gott að kalla þá bara dimsa eða boða," segir Logi.

Á sýningunni hefur Logi fyllt D-sal Hafnarhússins af stýrikössum sem standa við fjölmörg gatnamót hér á landi og gefa til kynna hvort óhætt sé að ganga yfir viðkomandi götu eða ekki.

Af hverju ákvaðst þú að vinna með þessi tæki?

„Ég á það til að heillast af hljóðgjöfum, fundnum eða hversdagslegum hlutum sem gefa frá sér hljóð. Ég verð hrifinn af þeirri einhæfni sem þeir virðast búa yfir og það vekur hjá mér forvitni til þess að kanna möguleikann hvort það sé eitthvað meira á bak við."

Fylgja tækniframþróun

Boðarnir á sýningunni gefa frá sér hljóð svo stundum má heyra eins konar kór af handboðum óma um D-sal Hafnarhússins. Logi kveðst þó ekki hafa breytt neinum stillingum í tækjunum.

„Það sem heillaði mig við þessa gripi er að ég hugsaði að það væri þessi eina fúnksjón sem þeir hafa sem ég varð svo náttúrlega fyrir vonbrigðum með af því þegar ég fór að skoða þá, þá fylgja þeir bara tækniframþróuninni og eru orðnir mjög tæknilegir. Það er í raun fjöldi hljóða sem eru í boði en ég valdi að hafa þá stillingu sem er algengust þar sem þeir eru í vanalegri notkun. Sýningin er að mestu leyti á rauðu ljósi þar sem rólegri taktur slær, svo eru nokkrar mismunandi leiðir sem þeir geta farið eftir og fylgt sem eru að mestu tilviljanakenndar," segir hann.

Eru boðarnir í samtali sín á milli?

„Já, ég myndi segja það. Þó að það sé mismunandi eftir því hvort maður kalli það tilbrigði eða stef, það er alltaf einhver leið sem þeir eru að fara eftir en sú leið er alltaf tilviljanakennd. Eins og þetta sem er í gangi núna þar sem einn ræsir sig og slær í sjö sekúndur þangað til sá næsti tekur við, sú leið er aldrei sú sama."



Á eina hlið handboðanna er Logi búinn að þrívíddarprenta nýjar leiðbeiningar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Algjörlega sjálfvirkir

Þrátt fyrir að handboðar eins og þeir sem Logi sýnir í D-salnum séu fremur einföld tæki er fólk ekki alltaf með það á hreinu hvernig skuli nota þau eins og komið hefur glöggt í ljós hjá sýningargestum.

„Það er svo áhugavert af því þetta eru kunnuglegir gripir og fólk svona almennt hefur einhverja ákveðna fyrir fram gefna hugmynd um virkni þeirra. Sumir koma hérna inn og halda að þeir skynji allt sem við gerum og aðrir labba upp að þeim og kannski slá í þá eða halda að það sé einhver takki til að ýta á," segir Logi.

> Það sem heillaði mig var þessi einhæfa virkni en svo þegar maður fer að skoða það þá er þetta ekki svo einfalt.

Til eru mismunandi gerðir af handboðum og eru sumir þannig að ýta þarf á hnapp til að græna ljósið komi. Týpurnar sem Logi notar á sýningunni eru þó alveg sjálfvirkar.

„Þessi tiltekna týpa er algjörlega sjálfvirk og svo eru náttúrlega til aðrar týpur sem eru með takka þar sem gangandi vegfarendur ýta á hnappinn og það hefur áhrif. En maður er aldrei alveg hundrað prósent að hverju maður gengur sem er einmitt svo áhugavert fyrir svona algengan grip, að það sé ekki meiri almenn þekking á þeim."

Logi bætir við að hann hafi heillast af margræðni þessara einföldu tækja.

„Það sem heillaði mig var þessi einhæfa virkni en svo þegar maður fer að skoða það þá er þetta ekki svo einfalt," segir hann.

Sjónræn túlkun

Þrátt fyrir að Logi hafi ekki átt við tæknilegu hlið handboðanna hefur hann betrumbætt þá að litlu leyti til að laga þá að sýningunni. Á einni hlið boðans hefur hann þrívíddarprentað nýjar leiðbeiningar í stað þeirra sem má vanalega finna.

„Vanalega eru leiðbeiningar um hvernig gatnamótin liggja, þar sem þú getur séð hvar þú byrjar, úr hvaða átt umferðin kemur, hvort það sé umferðaeyja, hjóla- eða bílaumferð. Hér er ég í raun búinn að búa til kort yfir það hvernig handboðarnir liggja í rýminu. Þú sérð hérna að sá fyrsti er við innganginn, svo kemurðu hérna að þessum hallandi eða skáskotna vegg, þessi er á milli glugganna, svo kemur súlan og svo langi veggurinn við hliðina á okkur," segir Logi og vísar til boðanna í rýminu.

„Svo ofan á, þar sem er vanalega ör sem vísar veginn, hef ég sett svona litla hljóðlaug sem vísar í hljóðið sem boðarnir gefa frá sér, svona sjónræn túlkun." ■

Logi Leó segir handboðana virðast einhæfa við fyrstu sýn en þeir séu í raun margræð tæki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK